

Nr. 028 / 12 *Glaður SH 226****Vélabilun og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2384
Smíðaður: Hafnarfirði 1999 plast
Stærð: 8,3 brl. 8,4 bt.
Mesta lengd: 9,72 m Skráð lengd: 9,51 m
Breidd: 3 m Dýpt: 1,15 m
Vél: Caterpillar 175 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 2



Glaður ©Alfons finnsson

Málið afgreitt á fundi 25. maí 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni, Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 25. mars 2012 var Glaður SH 226 á leið á miðin í Breiðafirði. Veður: SA 10 m/sek.

Eftir að siglt hafði verið um 17 sml í NV frá Ólafsvík kom fram bilun í aðalvélinni og skipstjóri bað um aðstoð. Björgunarskipið Björg dró bátinn til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að eldsneytisspíss gaf sig í einum sílender og olían lak niður í pönnuna.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.